

Alþingi
Erindi nr. P 130/1111
komudagur 24.2.2004



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. febrúar 2004

Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, 12. mál. Þingmannatillaga. Samfyking.

Lögð hefur verið fram tillaga til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum. Markmiðið með ályktuninni er að taka á brottfalli nemenda úr framhaldsskóla og að gera sérstakt átak í iðn-, verk- og listnámi til að ná þessu markmiði. Fram kemur að það vanti verk- og tæknimenntað fólk til að samsetning menntunar þjóðarinnar sé heilbrigð og eðlileg.

Tillagan gerir ráð fyrir því að starfshópi skipuðum fulltrúum þingflokka, Samiðnar, Samtaka iðnaðarins, Iðnnemasambands Íslands, stéttarfélagum framhaldsskólakennara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ASÍ, og fulltrúa skólastjóra verknámsskólanna verði falið að semja tillögur um átak til að efla iðnnám, listnám og verknám í framhaldsskólum og um stofnun nýrra, styttri námsbrauta til starfsnáms.

Samtök iðnaðarins eru ósammála framsetningu þingsályktunarinnar. Að mati þeirra er verið fléttu saman tvö óskyld en mikilvæg úrlausnarefni: brottfall framhaldsskólanema og þörf atvinnulífsins fyrir iðn- og tæknimenntað starfsfólk. Fjölbreyttara nám, þ.m.t. iðn- og tækninám, getur orðið til að draga úr brottfalli einhvers hluta nema. Efling iðn-, verk- og listnáms hefur hins vegar miklu djúptækari tilgang en að leysa brottfallsvanda. Tilgangurinn er sá að efla samkeppnishæfni, auka framleiðni í iðnaði og búa til fleiri verðmætari störf hér á landi. Iðnnám er kröfuhart nám og tæplega við hæfi þeirra sem eiga í tímabundnum vandkvæðum.

Aukin iðn- og tæknimenntun er hagkvæm sé litið á heildarhagsmuni þjóðarinnar. Átak í iðn-, verk- og tækninámi verður að helgast af þörfum atvinnulífsins og tækifærum fólks til að taka þátt í kröfuhörðum störfum en getur ekki haft þann eina tilgang að þjóna tilteknum félagslegum markmiðum. Með því væri verið að trufla uppbyggingu menntunar í þágu samkeppnisatvinnuvega.

Áhyggjuefni SI eru rangar áherslur í menntamálum með hliðsjón af þörf atvinnulífsins. Takmarkað framboð af iðnmenntuðum, verk- og tæknifræðingum hefur hemjandi áhrif á framleiðni í atvinnulífinu.

SI vilja minna á nokkra þætti sem leggja þarf áherslu á til að fjölga iðn- og tæknimenntuðu fólki til samræmis við þarfir atvinnulífsins.

1. Kynning á iðnnámi og raungreinanámi á háskólastigi

Yfirvöld menntamála þurfa að gera ungu fólki kleift að nálgast á aðgengilegan máta upplýsingar um nám í framhalds- og háskólum og áætlaða þörf atvinnulífsins fyrir tiltekna

menntun á hverjum tíma. Hér skortir samræmdar athafnir. Samtök iðnaðarins starfrækja vefsetrið www.idan.is sem er mikið notað. Á hverjum degi heimsækja yfir 150 manns vefsetrið. Hér er um að ræða verkefni sem SI ýttu úr vör en yfirvöld menntamála ættu með réttu að reka.

2. Ábyrgð á vinnustaðakennslu

Fyrirkomulag vinnustaðakennslu er óljóst. Í lögum um framhaldsskóla (1996) segir að starfsnám skiptist í nám í skóla og á vinnustað. Skólanámið er í föstum skorðum en ákvæði um fyrirkomulag og ábyrgð vinnustaðanáms eru fá og óljós. Samtök iðnaðarins telja brýnt að ábyrgð á vinnustaðakennslu sé skilgreind og framfylgt svo að nemum í öllum greinum standi ævinlega til boða metnaðarfull kennsla.

3. Misjafnlega gengur að koma á fót nýju starfsgreinanámi

Misjafnlega hefur gengið að koma á fót nýjum námsbrautum í iðn- og starfsmenntun á framhaldsskólastigi. Einstök mál hafa velkst um í meðförum opinberra aðila án úrlausnar. Dæmi um það er námsbraut í vinnuvéltjórn sem SI óskuðu eftir að yrði komið á fót fyrir sex árum. Enn er málið jafn óleyst og þá.


4. Tækninám á háskólastigi

Í könnun IMG Gallup fyrir Samtök iðnaðarins um „Þörf iðnaðarins fyrir menntun“ (jan. 2004) kemur í ljós að fyrirtækin skortir iðn- og tæknimenntað fólk. Gjarnan er um að ræða skapandi og vel launuð störf. Ungt fólk sækist í vaxandi mæli eftir því að nema tæknifræði og skólarnir eru reiðubúnir til að laga þjónustuna að vaxandi eftirspurn. Fjárveitingarvaldið leggur hins vegar fjármuni til þessarar menntunar í samræmi við þarfir gærdagsins en ekki morgundagsins.

5. Reiknilíkan og iðn- og tæknimenntun

Boðað er að úthlutun fjár til iðn- og tæknimenntunar sé í samræmi við reiknilíkan sem veitir upplýsingar um fjárþörf einstakra greina. Við árlega fjárlagagerð eru útgjöld einstakra skóla hins vegar yfirleitt beitt flötum niðurskurði. Sumir skólar fá síðan leiðréttingu við gerð aukafjárlaga en ómögulegt er að átta sig á þeim lögmálum sem ráða þeim. Þessi óútreiknanlega ráðstöfun kemur einna verst niður á iðn- og tæknigreinum því að þær greinar eru háðar dýrum aðföngum, m.a. tækjum og efnum, sem gera þarf áætlun um að kaupa með löngum fyrirvara. Það er óviðunandi að fjárveitingarvaldið virði ekki gerða skólasamninga og deili ekki út fé í samræmi við reiknilíkan.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Ingi Bogi Bogason